



Jarðaður í Aldamótaferð 2000

Sagan um giftingarhringinn

Birtist vorið 2000 í Setrinu, blaði 4x4 og heimasíðu 4x4.

Nú er það löglegt. Eftir Aldmótaferðina er ég jarðaður. Jarðaður er bein þýðing á enskuslettunni „grándaður“. Það sem gerði útslagið var að ég hringdi í konuna ofan af Brúarjökli og fræddi hana á því að vegna hremminga og handarbólgu varð að saga giftingarhringinn af baugfingri hægri handar með stærstu gerð af járnsgög og griptöngum á jöklinum. Og hringurinn var búinn að sitja þarna samfelt í 33 ár.

Við vorum þrjú félagar í K hópi, ýmsu vanir, en þó ekki síst hverjir öðrum. Ómar var hópstjóri, þá Ólafur og Sigurður og aðstoðarökumennirnir Ingólfur, Hilmar og Ragnar. Með okkur í hópnum voru Ragnar og Svavar, sem við höfðum aldrei séð áður, glúrnir menn og duglegir. Þetta voru verkfræðingar, lækni, radíóvirkjar og einn nemi. Ferðin var svo vel undirbúin af hálfu klúbbsins að við gerðum slíkt hið sama.

Aldrei höfðum við verið eins vel útbúin í nokkra ferð. Fyrir utan varahlutina, olíurnar, aukagallana og allt hitt var svo leynivopnið með: Á síðustu stundu var veiðivöðlum bætt ofan á hauginn. Þær gerðu útslagið í krappaakstrinum og vondu vökinni.

Veðurguðirnir settu strik í reikninginn. Dagana fyrir ferðina var bullandi hláka á landinu öllu og í ferðinni sjálfri kom ekki frost fyrr en á leið vikuna. Við vorum í fyrra hollinu og lögðum af stað glaðbeittir upp úr hádegi á þriðjudegi. Nýjadal var náð klukkan eitt um nóttina eftir mikið tog með spottum og spili síðasta sprettinn. Liðið var svo að tínast þarna í hlað fram undir morgun. Það þurfti stígvél til að komast í skálann svo við Ragnar kveiktum bara á olíufringunni, blésum út vindsængurnar aftur í Trúpernum og sváfum ofan á öllu draslinu.

Á miðvikudagsmorgun var tekin stefna á Tómasar-



haga. Við höldum í humátt á eftir hinum yfir ána við Nýjadal og allt var í óvissu um framhaldið. Aksturinn var afar vandasamur þennan dag og mikið taugastríð, eilífir blámar sem reynt var að komast fram hjá með misjöfnum árangri. En þetta potaðist hægt og bítandi upp á Gæsavatnaleið. Nálægt Skjálfafljóti var laumast yfir Langadrag á felgunni með hjartað í buxunum án áfalla og síðan yfir fljótið sjálft á snjóbrú. Við Gæsavötn var flúið út í hraunið norðan við skálann og stímað fram hjá honum án þess að tala við kóng eða prest. Enda var þar hvorki kóngur né prestur.

Urðarhálsinn var snjólaus að mestu og allt í góðu þar til kom norður fyrir Kistufell. Þar var þvælst um úfið hraun og síðan stímað í einhverja tíma eftir eyrum Jökulsár á Fjöllum, upp á mið hjól í leysingavatni. Húsvíkingar kalla þetta Flæður. Að áliðinni nóttu

voru enn einir 12 kílómetrar eftir í Kverkfjöll. Þá var komið í hraunið austan árinna og erfitt að paufast í kringum gjóturnar í myrkrinu. Þá var bara að kveikja á olúfvingunni og leggja sig. Hinir félagarnir voru á pallbílum frá Toyota og þar var fótum raðað upp á mælaborðin til þerris og hænublandað.

Nú var farið að kólna verulega og þá hófst næsta vandamál. Það er nefnilega svoléiðis að krapa frýs þegar svona stendur á. Auk þess frýs ýmilegt fast sem annars á að snúast eða hreyfast upp og niður eða til hliðar. Þar á ofan þarf að klæða þennan andskota af sér. En allir komust nú samt af stað þegar birti. Það gekk ágætlega upp í Kverkfjallaskála og þar var tekin pása. Nú gafst tími til að borða nesti, burstu tennurnar og berja klaka. Í svona klakadæmi dugur ekkert minna en alvöru ísaxir og ein slík fannst undir matarboxinu aftur í. Nokkuð stór hluti leiðangurs-



Krapi 2000

bíla var þá kominn í Kverkfjöll, en ekki nærri allir. Eflaust má halda því fram að nú hefði átt að ná öllu liðinu saman, halda hópstjórafund og svoleiðis, en það er líka gott að vera vitur eftir á. Í meginatriðum sá hver hópur um sig og að áliðnum degi var tekið stímið áfram austur.

Miðað við það sem á undan var gengið var þetta allt að lagast og kominn skítakuldi. Það getur verið gagn af skítakulda við vissar aðstæður, það verður hardara undir. Það gekk ágætlega meðfram Kverkfjallarana og svo var laumast yfir Kreppu á ís eftir vandlega könnun. Austan við Kreppu er hliðará sem heitir Kverká. Það er stórhættuleg helvítis spræna og þar hlekkist okkur félögumum dálftið hraustlega á. Trúperinn datt niður. Þó ekki dauður eins og Sörli í kvæðinu. Hægri framendinn var vel upp fyrir þúng í vatni. Spilið okkar var gaddfreðið, enda átti það náttúrulega ekki að vera úti, heldur inni í bíl. Því varð að taka til annarra ráða. Þrír bílar, margir kaðlar og lykkjur, eitt varadekk upp á rönd, drullutjakkur, járnkarlar og svo veiðivöðlurnar góðu var það sem dugði til að bjarga þessu máli. Það varði langt fram á nótt í brunagaddi og norðanbáli. Nú kom sér vel að vera með íslenskan Kraftgalla utan um öll hin fötin og hina gallana og guðsblessuðu lambhúshetturnar.

Þegar Trúperinn var kominn aftur upp á ísinn, vélin komin í gang og allt svona meira og minna í lagi nema miðstöðvarblásarinn, var gengið til náða þarna á ísnum. Við félagarnir fórum ekki á taugum í þessum hremmingum, en þegar komið var í pokana í hrímuðum bílnum létum við það eftir okkur tveir að fá okkur einn tappa fyrir svefninn. Það var til að verðlauna taugarar. Og þá mundi ég eftir hægri lúkunni. Hún

hafði nefnilega klemmst illa milli stafs og hurðar þegar öllum farangri var mokað út úr bílnum í vökinni. Það hafði hins vegar verið þagað í hel, eins og sæmir sönnum Íslendingi, nóg voru vandræðin samt. „Helvíti er hún bólgin“ sagði félagi minn læknirinn og við fengum okkur annan tappa.

Dagurinn eftir hófst á að skipta um olíu þarna á smurverkstæði öræfanna. Það er ekki gott að keyra lengi á vatnsblandaðri smurólíu. Svo var tekið stímið upp á Brúarjökul. Fram eftir morgninum var stíft skafið af rúðunum í blásaralausum bílnum en svo kom blessuð sólin sem elskar allt, líka framrúður, og allir voru í miklu betra skapi.

Þegar hallaði ofan af jöklinum hinu megin var færið glimrandi og baðaðir í sólskini framundan voru Sauðahnúkar og Þjófahnúkar, samtals kallaðir Sauðaðþjófahnúkar. Nú var mál að stoppa og anda að sér góða veðrinu. „Hingað og ekki lengra“ sagði þá læknirinn og fagurgylltur hringurinn á baugfingri hægri handar var sagaður af með tiltækum græjum af grófari sortinni. Þess vegna er ég jarðaður núna.

Í Snæfelli var ekki gist frekar en í öðrum skálum á leiðinni, heldur kvittað fyrir, skálavörðunum sagðar grobbsögur og svo brennt áfram alla leið á Egilstaði. Þar var lent um kvöldmatarleytið á föstudagskvöldi, samkvæmt áætlun, eftir harðsotta ferð. Við félagarnir játum það fúslega að það tók nokkra daga að jafna sig eftir þetta slark. En það var um nóg að tala í fermingunum og á öðrum mannamótum. Svo er bara spurningin hvað ég á að vera jarðaður lengi.

Sigurður St. Arnalds, félagi 2252